

49 næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. 10. sept. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Ákvæði þessi um stundarsakir öðlast gildi samtímis framangreindum bráðabirgðalögum, og varða brot gegn þeim þar greindum viðurlögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 10. september 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

50

16. sept.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Þaræð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzka sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá 20. þ. m. að kvöldi dags þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Skaganum, 16. septembermánaðar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.